

Nd.

21. Frumvarp til laga

[21. mál]

um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Flm.: Magnús Jónsson, Kjartan J. Jóhannsson, Sigurður Ágústsson,
Jón Sigurðsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, sem nefnist jafnvægissjóður. Er sjóðurinn eign ríkisins.

Hlutverk jafnvægissjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita lán til eflingar atvinnulífi og til framleiðsluaukningar á þeim stöðum á landinu, þar sem við atvinnuörðugleika er að stríða, en framleiðsluskilyrði þannig, að íbúarnir geti haft sæmilega afkomu í meðalárferði við þjóðhagslega hagkvæma framleiðslu.

Verði sveitarfélög fyrir sérstökum áföllum vegna aflabrests eða af öðrum sökum, þannig að annaðhvort sé þörf tímabundinnar aðstoðar eða breyta þurfi um atvinnuhætti, skulu þau sveitarfélög sitja fyrir um lán úr sjóðnum.

Lán úr sjóðnum má veita bæði sveitarfélögum, einstaklingum og félögum. Lán til hinna síðarnefndu aðila verða þó eigi veitt, nema sveitarstjórn telji viðkomandi framkvæmdir vera til atvinnuaukningar í sveitarfélaginu. Heimilt er sjóðsstjórninni að krefjast ábyrgðar sveitarsjóðs, ef lántaki getur ekki sett viðunandi tryggingar fyrir láni úr jafnvægissjóði.

2. gr.

Stofnfé jafnvægissjóðs er:

1. 75 millj. kr. framlag úr ríkissjóði, sem greiðist jafnvægissjóði með jöfnum greiðslum á næstu 5 árum, í fyrsta sinn árið 1957.
2. Fé það, sem við gildistöku þessara laga er útistandandi af lánnum, er veitt hafa verið samkvæmt 20. og 22. gr. fjárlaga til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán til greiðslu stofnframlagsins, ef hún telur eigi auðið að greiða það að fullu af árlegum tekjum ríkissjóðs.

3. gr.

Tekjur jafnvægissjóðs eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eigi minna en 5 millj. kr. á ári, og skulu þær greiðslur hefjast árið eftir að stofnfjárgreiðslum lýkur.

4. gr.

Vextir af lánnum jafnvægissjóðs skulu vera 4% á ári, en lánstímann ákveður sjóðsstjórnin, og má hann vera mismunandi eftir aðstæðum og greiðslugetu.

Heimilt er sjóðsstjórn að lengja lánstímann frá því, sem upphaflega er ákveðið. Enn fremur skal setja ákvæði í skuldabréf fyrir lánnum sjóðsins þess efnis, að heimilt sé að stytta lánstímann, ef afkoma viðkomandi fyrirtækis eða sveitarsjóðs leyfir það að dómi allra sjóðsstjórnarmanna.

Enn fremur skal í skuldabréfum fyrir lánnum til kaupa á atvinnutækjum taka fram, að lánið sé allt fallið í gjalddaga, ef atvinnutæki er flutt burt úr hlutaðeigandi sveitarfélagi, nema sjóðsstjórnin samþykki flutninginn.

Stjórn jafnvægissjóðs ákveður, hvaða tryggingar séu viðunandi fyrir lánnum sjóðsins.

Heimilt er stjórn jafnvægissjóðs við sérstakar aðstæður að veita fé úr sjóðnum sem óafturkræft framlag, ef öll sjóðsstjórnin er því samþykk.

5. gr.

Stjórn jafnvægissjóðs skal skipuð fimm mönnum, sem sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu á fyrsta þingi hvers kjörtímabils. Stjórnin velur sér sjálf formann.

Ráðherra ákveður laun sjóðsstjórnarmanna, og skulu launin og annar kostnaður við starfsemi sjóðsins greiðast úr ríkissjóði.

6. gr.

Lán úr jafnvægissjóði skulu að jafnaði veitt einu sinni á ári, nema einstök mál krefjist skjótrar úrlausnar á öðrum tímum árs.

Stjórn jafnvægissjóðs skal, áður en lán er veitt, kynna sér rækilega atvinnuástand á viðkomandi stöðum og rannsaka, hvaða framkvæmdir séu líklegastar til

þess að bæta mest afkomu íbúanna. Stjórn jafnvægisjóðs gerir jafnframt, þegar ástæða þykir til, heildaryfirlit yfir atvinnuástandið í landinu og áætlun um æskilegar atvinnuframkvæmdir í samvinnu við Framkvæmdabanka Íslands.

Skýlt er ríkisstofnunum og embættismönnum að veita stjórn jafnvægisjóðs sérfræðilega aðstoð og leiðbeiningar við athugun á atvinnuástandi og mat á gildi framkvæmda.

Framkvæmdabanki Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald jafnvægisjóðs eftir nánari fyrirmælum sjóðsstjórnar gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

Endurskoðendur Framkvæmdabankans annast endurskoðun reikninga jafnvægisjóðs. Skulu reikningar sjóðsins birtir árlega í Stjórnartíðindum.

7. gr.

Nú eru í gildi hömlur á fjárfestingu eða innflutningi framleiðslutækja eða skortur á lánsfé til framkvæmda, og er þá ríkisstjórninni heimilt að mæla svo fyrir, að fengnum tillögum stjórnar jafnvægisjóðs, að vissir staðir, sem við sérstaka atvinnuörðugleika eiga að stríða, skuli sitja fyrir um þessa fyrirgreiðslu varðandi tiltekna framkvæmdir, sem í senn séu þjóðhagslega skynsamlegar og til mikilvægrar atvinnutryggingar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförunum tveimur þingum hafa tveir flutningsmenn þessa frumvarps, ásamt fleiri þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, flutt frumvarp um ráðstafanir til atvinnujöfnunar, en þingnefnd sú, sem fékk málið til meðferðar, skilaði álit í hvorugt skiptið. Á síðasta þingi flutti ríkisstjórnin frumvarp til laga um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Var það frumvarp samið af alþingismönnum Gísla Jónssyni og Gísla Guðmundssyni, sem frá því í febrúarmánuði 1953 höfðu unnið að undirbúningi þessa máls í samræmi við þingsályktun um undirbúning heildaráætlunar í þeim tilgangi að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Þetta frumvarp náði ekki heldur fram að ganga.

Þar sem hér er um hið mikilvægasta mál að ræða, sem óviðunandi er að skjóta lengur á frest, hafa flutningsmenn þessa frumvarps valið þann kostinn að samræma meginefni tveggja áðurgreindra frumvarpa í trausti þess, að frumvarpið nái þá fremur samþykki Alþingis.

Á undanförunum árum hafa af opinberri hálfu verið gerðar ýmsar ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Eitt mikilvægasta sporið í þá átt er rafvæðingarætlun sú, sem fyrrverandi ríkisstjórn hófst handa um að framkvæma. Stóraukin ræktun í sveitum landsins og aukning atvinnutækja viðs vegar í kaupstöðum og kauptúnum hafa einnig stefnt í sömu átt. Enn fremur hefur nokkur síðustu árin verið árlega varið á fjárlögum nokkrum milljónum króna til atvinnuaukningar á þeim stöðum, þar sem við atvinnuerfiðleika hefur verið að stríða. Þótt fjárveiting þessi hafi verið ófullnægjandi, hefur hún þó víða komið að góðu liði. En þessi starfsemi af hálfu ríkisvaldsins hefur verið skipulagslítill og sumar lánveitingarnar þótt næsta handahófslegar.

Síðustu árin hefur verið mikil atvinna í landinu, þannig að marga erlenda verkamenn hefur þurft að flytja inn, bæði til starfa í sjávarútvegi og landbúnaði. Engu að síður hefur á ýmsum stöðum á landinu verið um allmikið árstíðarbundið atvinnuleysi að ræða og afleiðingin orðið sú, að fólk af þessum stöðum hefur um lengri tíma þurft að leita sér atvinnu utan síns heimahéraðs. Tímabundin atvinnuleit til annarra staða getur verið eðlileg og nauðsynleg vegna atvinnuhátta í þjóðfélaginu, sbr. sumarsildveiði fyrir Norðurlandi og vetrarvertíð á Suðurlandi. En

þegar menn þurfa mestan hluta árs að leita sér atvinnu utan heimilissveitar, hlýtur að því að koma, að menn flytjast á brott þaðan. Reyndin er líka sú, að mjög alvarlega horfir í þessu efni, þótt breyting kunní að visu að verða á því ástandi, ef atvinna dregst saman á Suðvesturlandi, en þá verða atvinnuskilyrði að vera heima fyrir.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að það sé eitt brýnasta nauðsynjamál þjóðarinnar að koma í veg fyrir, að meginþorri hennar safnist saman á mjög takmörkuðu svæði í landinu. Er því mjög mikilvægt að halda við byggð á öllum þeim stöðum í landinu, þar sem atvinnuskilyrði frá náttúrunnar hendi eru góð. Flestum er í blóð borin tryggð við áttþaga sína, og fólkið flytur því ekki á brott nema af illri nauðsyn. Þjóðin á nú mikið af margvislegum framleiðslutækjum, og víða skortir aðeins herzlumuninn til þess að tryggja góða afkomu íbúa viðkomandi héraðs. Það verkefni, sem hér er um að ræða, er því vel viðráðanlegt, og hér er svo mikilvægt hagsmunamál þjóðarheildarinnar, að ekkert áhorfsmál sýnist vera að gera nú myndarlegt átak í þessum efnunum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofna sérstakan sjóð, er hafi það hlutverk að veita fé til nauðsynlegra jafnvægisráðstafana. Á yfirstjórn þessa sjóðs og jafnframt rannsókn á nauðsyn framkvæmda og skipulagning þeirra að vera í höndum 5 manna þingkjörinnar nefndar. Lagt er til, að stofnfé sjóðs þessa verði 75 millj. kr., sem ríkissjóður leggi fram með jöfnum árlegum greiðslum næstu 5 árin, en úr því yrði árlegt framlag ríkissjóðs 5 millj. á ári að minnsta kosti. Rannsóknir á atvinnuástandinu víðs vegar um land hafa leitt í ljós, að nauðsynlegt er að verja nú þegar allmiklu fé til framkvæmda, og er því mikilvægt, að framlag til sjóðsins verði mest nú næstu árin. Með því að skipta greiðslu stofnframlagsins á 5 ár ætti það ekki að reynast ríkissjóði ofviða, en til frekara öryggis er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimiluð lántaka, ef ekki þykir fært að greiða framlagið að fullu úr ríkissjóði fyrstu 5 árin. Má þó gera ráð fyrir, að einmitt þessi fjárráðstöfun til atvinnuaukningar geti bætt afkomu ríkissjóðs á öðrum sviðum, m. a. á þann hátt, að með bættum hag sveitarfélaganna dragi úr útgjöldum ríkissjóðs vegna greiðslu ábyrgðarskuldbindinga.

Í frumvarpi því til atvinnujöfnunar, sem flutt hefur verið á tveimur síðustu þingum, hefur verið sérstakt ákvæði um togarakaup. Það ákvæði er ekki tekið í þetta frumvarp með hliðsjón af því, að ríkisstjórnin hefur lagt fyrir Alþingi sérstakt frumvarp um togarasmiði, og hefur verið lýst yfir í sambandi við það mál, að tilgangurinn með togarakaupum þessum sé fyrst og fremst sá að tryggja sem varanlegasta atvinnu í kaupstöðum og sjávarþorpum. Þær fyrirætlanir draga þó ekki úr nauðsyn þeirra ráðstafana, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, því að ýmsum stöðum hentar ekki togaraútgerð og auk þess er hættulegt að gera atvinnureksturinn of einhæfan.

Jafnvægisjóði er ekki ætlað að koma í stað þeirra lánsstofnana, sem þegar eru starfandi, heldur séu lánveitingar jafnvægisjóðs viðbótarlán eða lán til framkvæmda, sem aðrar lánsstofnanir veita ekki lán til, en nauðsynlegar eru taldar til tryggingar atvinnu. Starfsgrundvöllur jafnvægisjóðs er einnig mjög ólíkur venjulegri bankastarfsemi, því að lánin skulu fyrst og fremst veitt þeim, sem erfiðasta aðstöðu eiga og því oft og tíðum eiga erfitt með að setja fullgildar tryggingar fyrir láni. Skulu lánveitingar við það miðaðar, að þeir staðir sitji fyrir, sem við mesta örðugleika eiga að stríða, og ekki þykir verða hjá því komizt að veita stjórn sjóðsins rúmar hendur um lánskjör, að öðru leyti en því, að rétt þykir að ákveða fastan vaxtafót fyrir lánunum. Einnig þykir rétt að veita stjórn sjóðsins heimild til að lengja eða stytta lánstímann eftir því, hvernig afkoma viðkomandi fyrirtækis eða sveitarfélags er.

Stjórn jafnvægisjóðs er ekki aðeins ætlað það hlutverk að meta lánsþörf hvers sveitarfélags eða fyrirtækis, sem leitar aðstoðar sjóðsins, heldur á stjórn sjóðsins að reyna að mynda sér heildaryfirsýn um það, hvar skórinn kreppir mest að, og jafnframt, hvernig hagkvæmast verður úr vandanum leyst, svo að hið takmarkaða fé komi að sem mestum notum. Af þessum sökum er nauðsynlegt að árlegar lánveitingar úr sjóðnum geti að mestu leyti farið fram samtímis.